

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 3. janúar 2008 í máli nr. E-83/2007:

Intercargo Coldstores A/S

(Einar Hugi Bjarnason hdl.)

gegn

Seabait hf.

(Björn Jóhannesson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember sl., höfðaði stefnandi, Intercargo Coldstores A/S, Trafikhavnskaj 19, 6700 Esbjerg, Danmörku, hinn 18. apríl 2007, gegn stefnda, Seabait hf., Njarðarbraut 1, Súðavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði dæmt til að greiða honum skuld að fjárhæð dkk. 331.205,93 auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af dkk. 78.531,88 frá 7. apríl 2006 til 18. apríl 2006, af dkk. 79.513,13 frá þeim degi til 21. júní 2006, en af dkk. 331.205,93 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

I.

Á fyrri hluta ársins 2006 keypti stefnda nokkurt magn pappírsrúllna af stefnanda til pokabeituframleiðslu sinnar. Stefnandi gerði stefnda fjóra eftirfarandi reikninga vegna kaupa félagsins á pappírsrúllunum:

<i>fjárhæð 77.485,92 dkk.</i>	<i>dags. 28.02.06</i>	<i>gjald. 28.02.06</i>
<i>fjárhæð 78.531,88 dkk.</i>	<i>dags. 07.04.06</i>	<i>gjald. 07.04.06</i>
<i>fjárhæð 981,25 dkk.</i>	<i>dags. 18.04.06</i>	<i>gjald. 18.04.06</i>
<i>fjárhæð 251.692,80 dkk.</i>	<i>dags. 21.06.06</i>	<i>gjald. 21.06.06</i>

Um svipað leyti og viðskipti aðila með pappírinn áttu sér stað seldi stefnda talsvert magn pokabeitu fyrir samtals 4.726.440 krónur. Deila málsaðilar um hver hafi verið kaupandi beitunnar. Stefnda segir stefnanda hafa verið kaupandann en hann kveður

Það ekki rétt, kaupandinn hafi verið Seabait I/S, félag sem stefnandi beri enga ábyrgð á.

Fyrsta reikninginn vegna fyrrgreindra kaupa félagsins á pappírstrúllum greiddi stefnda 7. mars 2006 með peningum, sbr. framlagða greiðslukvittun. Byggir stefnda á því í málinu að samið hafi verið um að hinir reikningarnir þrír skyldu greiddir með skuldajöfnuði við kröfu stefnda á stefnanda vegna kaupa hans á pokabeitunni. Þessu hefur stefnandi alfarið hafnað samkvæmt áðursögðu.

Stefnandi sendi stefnda innheimtubréf 6. desember 2006. Þegar engin viðbrögð bárust frá stefnda við því bréfi höfðaði stefnandi mál þetta.

II.

Stefnandi kveður skuld stefnda vera vegna kaupa félagsins á vörum og þjónustu af stefnanda. Vegna viðskiptanna hafi stefnandi gert stefnda fjóra reikninga. Hinn 28. febrúar 2006 hafi stefnandi gefið út reikning að fjárhæð 77.485,92 dkk., sem stefnda hafi greitt 7. mars sama ár. Næst hafi stefnandi gefið út reikning 7. apríl 2006 að fjárhæð 78.531,88 dkk. og þá hafi stefnandi enn gefið út reikning vegna viðskipta aðila 18. apríl 2006 að fjárhæð 981,25 dkk. Að lokum hafi stefnandi gefið út reikning 21. júní 2006 að fjárhæð 251.692,80 dkk. Gjalddagi reikninganna hafi verið útgáfudagur þeirra.

Hvað málatilbúnað stefnda varðar segir stefnandi þá fullyrðingu félagsins, að komist hafi á samkomulag um skuldajöfnuð, ósannaða og ranga. Þá verði heldur ekki á það fallist með stefnda að skilyrði einhliða skuldajafnaðar séu uppfyllt í málinu þar sem það skilyrði, að viðkomandi kröfur þurfi að vera gagnkvæmar, sé ekki uppfyllt.

Til stuðnings dómkröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar almennu reglu samninga- og kröfuréttar að gerða samninga beri að halda. Kröfu um dráttarvexti segir stefnandi styðjast við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III.

Stefnda kveðst reisa kröfu sína um sýknu á því að félagið standi ekki í nokkurri skuld við stefnanda. Stefnda hafi á árinu 2006 selt stefnanda mikið magn pokabeitu og hafi söluverð beitunnar numið samtals 4.726.440 krónum. Byggir stefnda á því að samkomulag hafi orðið milli aðila um skuldajöfnuð vegna viðskipta þeirra, það er að reikningar stefnanda kæmu upp á móti reikningum stefnda vegna pokabeitunnar. Stefnda skuldi því stefnanda ekkert, þvert á móti skuldi hann stefnda umtalsverða fjármuni vegna kaupa hans á pokabeitunni.

Jafnvel þó svo talið yrði að ekki hefði komist á samkomulag um skuldajöfnuð er á því byggt af hálfu stefnda að öll skilyrði einhliða skuldajafnaðar séu uppfyllt í málinu. Fyrirnefndar kröfur séu á milli sömu aðila, þær séu sömu tegundar, gildar og þá séu þær hæfar til að mætast hvað greiðslutíma varðar.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísar stefnda til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir loforða. Ennfremur vísar stefnda til ákvæða laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Rétt sinn til að hafa uppi

gagnkröfu til skuldajafnaðar í málinu kveðst stefnda byggja á 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Upplýst er í málinu að á fyrri hluta árs 2006 keypti stefnda pappírsrúllur af stefnanda til að nota við pokabeituframleiðslu sína og gerði stefnandi félaginu fjóra reikninga vegna kaupanna, svo sem rakið er í kafla I. Þá er óumdeilt að stefnda greiddi fyrsta reikninginn með peningum 7. mars 2006.

Stefnda heldur því fram að stefnandi hafi á árinu 2006 keypt pokabeitu af félaginu fyrir samtals 4.726.440 krónur. Þessu er alfarið hafnað af stefnanda og liggur fyrir í málinu yfirlýsing framkvæmdastjóra stefnanda, Stig Nielsen, þess efnis að félagið hafi aldrei keypt pokabeitu af stefnda. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefnda sönnunarbyrðina fyrir umræddri fullyrðingu sinni. Engin haldbær gögn styðja málatilbúnað stefnda að þessu leyti og þá vildi vitnið Shiran Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, sem skýrslu gaf fyrir dómi, ekkert fullyrða um hver hefði verið viðtakandi pokabeitunnar. Kvaðst vitnið enga skriflega pöntun hafa séð og sagði samskiptin vegna viðskiptanna með pokabeituna öll hafa verið munnleg og óformleg. Að þessu virtu og þar sem í málinu liggja frammi bráðabirgða reikningar (proformainvoice) vegna sölu pokabeitu fyrir áðurgreinda fjárhæð, sem benda til þess að kaupandinn hafi verið Seabait I/S, telst alls ósannað að stefnandi hafi verið kaupandi beitunnar.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um að Seabait I/S og stefnandi séu einn og sami aðilinn, svo sem hreyft var af framkvæmdastjóra stefnda fyrir dómi. Samkvæmt því er ljóst að gagnkvæmnisskilyrði einhliða skuldajafnaðar er ekki uppfyllt í málinu og skiptir í því sambandi engu að framkvæmdastjóri stefnanda og framkvæmdastjóri Seabait I/S eru í dag einn og sami maðurinn. Þá getur hér sömuleiðis engu skipt hvort á milli félaganna séu einhver eignatengsl.

Skilja verður málatilbúnað stefnda svo að sýknukrafa félagsins byggist einnig á því að á árinu 2006 hafi sérstaklega verið samið um að skuld stefnda við stefnanda samkvæmt framangreindum reikningum, að undanskildum þeim sem stefnda greiddi 7. mars 2006, skyldi greidd með skuldajöfnuði við kröfu stefnda vegna áðurgreindrar pokabeitusölu.

Á þeim tíma er atvik máls gerðust var núverandi framkvæmdastjóri stefnda, Júlíana Torfhildur Jónsdóttir, fjármálastjóri stefnanda. Fullyrti Júlíana Torfhildur í aðilaskýrslu fyrir dómi að hún og Shiran Þórisson hefðu orðið sammála um að kröfur vegna viðskiptanna með pappírsrúllurnar annars vegar og pokabeituna hins vegar yrðu jafnaðar. Sagði hún Stig Nielsen, framkvæmdastjóra stefnanda, sem nú er einnig orðinn framkvæmdastjóri Seabait I/S, hafa samþykkt skuldajöfnuðinn. Því hefur Stig hins vegar alfarið hafnað og liggur fyrir í málinu yfirlýsing hans þess efnis að stefnandi hafi aldrei gert slíkt samkomulag við stefnda. Eina vitnið sem skýrslu gaf fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, nefndur Shiran Þórisson, bar um þetta atriði að rætt hefði verið um skuldajöfnuð þannig að pappírinn yrði greiddur að einhverju leyti með beitu. Nánar aðspurður gat Shiran hins vegar ekki svarað því með vissu við hvort þeirra, Stig eða Júlíönu Torfhildi, hann hefði rætt skuldajöfnuð, hann hefði verið í samskiptum við þau bæði, en áleit þó að skuldajöfnuðinn hefði hann rætt við Stig.

Samkvæmt vætti Shiran Þórissonar og framburði núverandi framkvæmdastjóra stefnda kom á einhverjum tímapunkti til tals að stefnukrafa málsins og krafa stefnda vegna sölu á pokabeitu fyrir 4.726.440 krónur myndu mætast. Engin skrifleg gögn liggja hins vegar frammi þessu til stuðnings og þá hefur framkvæmdastjóri stefnanda alfarið hafnað því að samkomulag þess efnis hafi verið gert. Ennfremur verður við úrlausn málsins, hvað umrætt ágreiningsefni varðar, ekki fram hjá því litið að Stig Nielsen og Júlíana Torfhildur Jónsdóttir störfuðu bæði fyrir stefnanda og fyrir Seabait I/S á því tímabili sem stefnda segir samkomulag hafa komist á um skuldajöfnuð. Að öllu þessu athuguðu þykir, gegn mótmælum stefnanda, og að því virtu hversu óljós framburður vitnisins Shiran Þórissonar var um þetta atriði, óvarlegt að telja sannað að komist hafi á samkomulag þess efnis að umrædd skuld stefnda við stefnanda skyldi greidd með skuldajöfnuði við kröfu félagsins vegna títtnefndrar sölu þess á pokabeitu.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefnda dæmt til að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðs pappírsrúllnanna, samtals dkk. 331.205,93, auk dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði. Ennfremur verður stefnda með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, dæmt til að greiða stefnanda málskostnað er hæfilega telst ákveðinn svo sem í dómsorði segir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Seabait hf., greiði stefnanda, Intercargo Coldstores A/S, dkk. 331.205,93 auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af dkk. 78.531,88 frá 7. apríl 2006 til 18. apríl 2006, af dkk. 79.513,13 frá þeim degi til 21. júní 2006, en af dkk. 331.205,93 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 450.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson